



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRNIN
ALMANNAVARNAEILD



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Reykjavík 9. mars 2020

Efni: Hlífðarfatnaður fyrir herbergjasambýli og íbúðakjarna

Stofnanir sveitarfélaga eiga almennt að sjá sjálfar um að panta hlífðarbúnað eins og aðra rekstrarvöru. Sóttvarnalæknir er með neyðarlagar af mikilvægasta hlífðarbúnaðinum og geta herbergjasambýli og íbúðakjarnar sveitarfélaga fengið af þeim lager þeim að kostnaðarlausu, einungis þarf að greiða sendingarkostnað.

Það sem er á lagernum er eftirfarandi:

- Þéttar hlífðargrímur, með og án útöndunarventils (ventillinn er til að létta öndunina –ætlað starfsfólki). Mismunandi magn er í kössunum en algengt er að það séu 10 minni kassar inni í hverjum pappakassa og 20 grímur í hverjum (auðvelt að deila niður á mismunandi staði)
- Hlífðargleraugu, minnsta pöntun er 15 stk. í kassa.
- Hanskar, 200 stk í pakka, eru til í S, M, X-large.
- Plastsvuntur, 500 stk í pakka.
- Hlífðarsloppar, í einum kassa eru 100 stk. en 10 plastpakkingar með 10 sloppum í hverjum kassa (auðvelt að deila niður á mismunandi staði).

Pantanir óskast sendar á netfangið asa@landlaeknir.is, það sem þarf að koma fram er:

- Hver pantar.
- Hvað er pantað.
- Hvert á að senda.
- Kennitala greiðanda sendingarkostnaðar.

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna